



Samtök sveitarfélaga á
höfuðborgarsvæðinu



Erasmus+

SKANDINAVÍUFERÐ 2018-2019

Kaupmannahöfn og Ósló



Kristín Sigrún Sigurleifsdóttir

Job-shadowing for teaching and integration of bilingual students

Fjármagnað af Erasmus+ Samningur nr. 2018-1-IS01-KA101-038753



GARÐABÆR



HAFNARFJÖRÐUR



Kópavogsbær



MOSFELLSBÆR



Reykjavíkurborg



SELTJARNARNES

Inngangur

Skólastjórinn minn, Brynhildur Sigurðardóttir í Garðaskóla, hvetur mjög til þess að kennarar skólans uppfæri fagþekkingu sína, sækji viðburði í sínu fagi og nýti áhugaverð tækifæri til endurmenntunar. Þegar upplýsingar bárust frá henni um fyrirhugaða námsferð á vegum SSH og Erasmus+ til Skandinavíu, með það fyrir augum að „skyggja“ störf kennara sem kenna fjöltyngdum nemendum, ákvað ég að sækja um. Umsóknin var samþykkt, mér lánaðist í tæka tíð að gera nauðsynlegar ráðstafanir og lagðist í viking.

Fyrri námsvikuna fylgdi ég kennara í móttökubekk fyrir unglunga í Bavnehøj skole í Kaupmannahöfn en þá seinni umsjónarkennara á miðstigi í Sinsen skole í Ósló.

Hér á eftir fer fyrst umfjöllun um hvorn skóla um sig, síðan um þann lærdóm sem ég dró af ferðinni sem heild og nokkur orð á kennaranótum í lokin.

Ferðatilhögun og framkvæmd

1. Skipulag og framkvæmd ferðar

Í aðdraganda þessarar ferðar óskaði ég eftir að fá að heimsækja skóla í bæði Danmörku og Noregi og vera eina viku á hvorum stað. Um leið og samþykki fékkst fyrir þeirri tilhögun fór ég að afla upplýsinga og leita að hentugum skóla í hvoru landinu um sig sem gæti tekið á móti mér á tímabilinu 4.-15. febrúar.

Það var auðsótt mál að fá námspláss í Noregi. Flóknara reyndist ná sambandi við skóla í Danmörku, viðbrögðin létu á sér standa. Um tíma leið mér eins og að ég hlyti í misgripum að hafa sent flöskupóst í stað tölvupósts. Það vildi mér til happs að Hekla Hannibalsdóttir, verkefnastjóri á menntasviði Kópavogs, vísaði mér á aðila sem gæti e.t.v. aðstoðað mig og eftir það rættist bæði fljótt og vel úr málinu. Ég fékk leyfi til að fylgja kennara í Bavnehøj skole í Kaupmannahöfn og dvaldi þar í 6. viku og hins vegar í Sinsen skole í Ósló í 7. viku. Í báðum tilfellum reyndist um frábæra fagmenn að ræða, kennara sem sinna störfum sínum af mikilli alúð, í krafti reynslu sinnar og þekkingar.

Hér á eftir er í 2. kafla fjallað um dvölinu í Bavnehøj skole, í Sinsen skole í 3. kafla, í 4. kafla dreg ég saman þann lærdóm sem ég dró af námsferðinni sem heild og í lokin koma örfá orð um aðstæður hér á landi.

2. Bavnehøj skole í Kaupmannahöfn

Bavnehøj skole er staðsettur í Sydhavn í Kaupmannahöfn og er heildstæður hverfisskóli sem 390 börn á grunnskólaaldri sækja. Skólinn var byggður árið 1930, húsnæði ber þess vissulega merki að vera komið til ára sinna en aðbúnaður nemenda og kennara er í fullu samræmi við kröfur nútímans. Sem dæmi má nefna að allir nemendur fá fartölvu til afnota meðan þeir eru við nám í skólanum og að í kennslustofunum eru smart-töflur sem nýtast sérlega vel við annarsmálskennslu sem krefst m.a. myndrænnar nálgunar. Í Bavnehøj skole eru núna 33 nemendur við nám í móttökudeildinni **M3** sem starfrækt er fyrir þá nemendur á unglingsaldri sem eru af erlendum uppruna.

Kennsluhættir Bavnehøj skole mótast af einkunnarorðum skólans, **”Læring i bevægelse – kundskaber, krop og kreativitet”** þ.e. *Nám á hreyfingu - þekking, líkami og sköpun*. Þannig er áhersla lögð á að búa nemendur undir lífið með því að:

- leggja þeim til aðstæður til að afla sér haldbærrar þekkingar,
- kynna og skapa þeim tækifæri til að rækta líkamann,
- virkja sköpunarhæfileika þeirra.

Í skólanum er áhersla lögð á teymisvinnu og þverfaglegt samstarf starfsmanna. Nemendum í móttökudeild fyrir unglingsstig er skipt í þrjá bekk, M3-A, M3-B og M3-C. Sú skipting miðast ekki við aldur heldur það hvar hver og einn er staddur í dönskukunnáttu og aðlögun að danska skólakerfinu. Nemendurnir færast jafnóðum yfir í almennar bekkjardeildir þegar þeir hafa náð tilskildum árangri í námi. Hver bekkur hefur sinn kennara og að auki starfar þar einn

uppeldismenntaður starfskraftur sem kemur inn í bekkina fjóra eftir þeim þörfum sem skapast hverju sinni.

Nemendur í móttökubekkjunum rekja ættir sínar víðsvegar að úr heiminum og eiga sér fjölmörg móðurmál/upprunamál. Starfsfólkið er vakandi yfir líðan og högum nemenda sem almennt virðast una hag sínum vel í skólanum enda er mikið lagt upp úr því að þeir temji sér kurteislega framkomu og góð samskipti. Viðbrögð við agabrotum eru skýr, t.d. ef nemendur nota síma sína í leyfisleysi í kennslustundum eru tækin sett í vörslu stjórnenda og afhent þremur dögum síðar.

Lærdómur minn í Bavnehøj skole

Viku 6 fylgdi ég **Katjanna Dixoe**. Hún kennir þeim nemendum af erlendum uppruna sem styst eru á veg komnir í námi sínu á unglingastigi, þ.e. móttökubekk **M3-C**.

Katjanna er menntaður dönskukennari og hefur líka kennt kristin fræði enda jafnframt guðfræðingur að mennt. Hún hefur áður kennt á miðstigi og einnig um árabíl í einkaskóla þar sem starfsmannahópurinn taldi til jafns dönsku- og arabískumælandi kennara. Katjanna telur að hún hafi valist til starfa á sviði annarsmálskennslu þar sem hún er menntaður dönskukennari og býr einnig yfir ríkulegri tungumála- og samskiptahæfni.

Það kom mér í opna skjöldu í fyrstu kennslustundinni að Katjanna skyldi tala jöfnum höndum ensku og dönsku við nemendur sína. Í næstu frímínútum innti ég hana eftir því hverju það sætti, hélt kannski að það hefði verið af óþarfa tillitssemi við mig sem vissulega þurfti að einbeita mér talsvert við að skilja dönsku sem talað mál. Sú var ekki raunin. Katjanna útskýrði fyrir mér að þetta væri gert markvisst, að nemendur í dönsku sem öðru máli væru látin læra enskuna samhliða. Það væri nauðsynlegt þar sem enskan væri einnig skyldufag í danska skólakerfinu. Í framhaldi af því benti hún á að allflestir nemendur af erlendum uppruna kynnu í það minnsta eitthvert hrafl í ensku þegar þeir kæmu til landsins og því væri eðlilegt að þeir nýttu hana í samskiptum og tengslamyndun til að byrja með. Ég tók rökum Kat með hefðbundnum málverndarfyrirvara okkar íslenskukennaranna. Eftir dálitla umhugsun ákvað ég þó með sjálfri mér að hafa ekki framar samviskubít yfir því að bregða fyrir mig enskunni til að útskýra merkingu íslenskra orða fyrir þeim nemendum sem eru nýfluttir til landsins, kunna ekki íslensku en hafa augljóst gagn af enskukunnáttu sinni.

Máli sínu til frekari staðfestingar vísaði Katjanna til nýútgefins námsefnis sem hún vonast til að geta tekið í notkun sem fyrst. Þar er um að ræða **Fart på dansk**, höfundur er *Helga Conradsen*, sem samdi efnið í samstarfi við *Cecilie Bogh*, sbr.: <https://www.alinea.dk/fart-paa-dansk-lyt-tal-laes-og-skriv>. Þetta námsefni er sett fram með nútímalegum hætti, þ.e. á pappírformi, auk gagnvirkra, rafrænna verkefna og efnis til útprintunar. Í verkefnahefti er gert ráð fyrir að nemendur glósi dönsk orð, þýði þau fyrst á eigið mál og síðan yfir á ensku og er þá frjálst að nota t.d. Google translate eftir þörfum. Það var mér líka nýnæmi að á hverri blaðsíðu skyldi vera að finna lítinn reit með einföldum og gagnlegum kennsluleiðbeiningum sem nýtast kennurum á stund og stað.

Kennsluhættir Katjanna bera vott um að hún nýti alla þá þekkingu sem hún býr yfir og fylgist mjög vel með þróun í annarsmálskennslu. Hún leggur áherslu á að tengja námið

sameiginlegri reynslu nemendanna í móttökubekknunum. Dagarnir byrja á korters yndislestri og nemendur hafa val um að lesa bækur eða lesefni rafrænu formi, t.d. á <https://www.superbog.dk/>

Að yndislestri loknum spjallar Katjanna jafnan við nemendur um það sem er eða hefur nýlega verið á dagskrá í skólanum. Í samræmi við einkunnarorð Bavnehøj skole er lögð áhersla á að brjóta starfið reglulega upp með margvíslegum hætti. Vikuna áður hafði staðið yfir þverfagleg þemavika og af því tilefni var einmitt tekið til umræðu það sem nemendur höfðu þá haft fyrir stafni. Út frá þeirri reynslu fengu nemendur síðan aðstoð við að mynda og skrifa niður stuttar setningar um það sem hver og einn hafið fengist við. Síðan lásu allir upp það sem þeir höfðu skrifað og þeir sem vildu að skrifuðu sína setningu á Smart-töfluna og í framhaldi af því var unnið með inntak, orðaröð, málfræði og stafsetningu.

Í kennslu sinni gengur Katjanna út frá hinu almenna til hins sértæka hvað uppbyggingu orðaforða og skilning á nýja málinu varðar. Hún vinnur *alltaf með heilar setningar* og leggur inn grunnatriði setningafræði jafnóðum. Þannig bendir hún nemendum á hve einfalt er að búa til einfaldar setningar úr frumlagi og umsögn. Hún var að kenna persónufornöfnin á sama tíma og setningarnar voru þá t.d.: *Hann bakar. Hún teiknar. Þau smíða*. Katjanna lætur jafnan reyna á alla meginþætti tungumálsins, þ.e. hlustun, tal, ritun og lestur. Að auki nýtir hún mikið myndskreið og myndrænt efni eftir því sem hentar hverju sinni, notaði t.d. myndaspjöld sem kveikju að ritunarverkefnum.

Öflugt samstarf er á milli kennara skólans, t.d. fengu allir nemendur móttökudeildarinnar kynningu Aikido-námskeiði sem kennt verður í íþróttatímum eftir vetrarfríð. Undir lok vikunnar fóru þeir allir á söngleik sem nemendur í *Sant Annes gymnasium*, menntaskólans í hverfinu, sýnir um þessar mundir. Katjanna áformaði einnig að fjalla sérstaklega um Ísland í framhaldi af gæðastund með íslensku ívafi sem við stóðum fyrir í sameiningu síðasta daginn.

3. Sinsen skole í Ósló

Sinsen skole er barnaskóli fyrir nemendur í 1.-7. bekk á Grünerløkkasvæðinu í Ósló. Sinsenhverfið byggist upp á fjórða áratug liðinnar aldar. Skólinn tók til starfa árið 1938 en á hernámsárunum yfirtóku Þjóðverjar skólabygginguna og nýttu sem herspítala. Eftir að stríðinu lauk fjölgaði íbúum hverfisins hratt og nemendafjöldinn fór hæst í 950 um miðbik aldarinnar.

Ráðist var í miklar viðhaldsframkvæmdir árið 2010 og um leið var tækjakostur endurnýjaður og upp færður í takt við ýtrustu kröfur samtímans. Í dag sækja 600 börn skólann, þrjú til fjórir bekkir eru í hverjum árgangi og um 50 kennarar við störf. Móttökudeild fyrir nemendur á mið- og unglíngastigi sem eru nýfluttir til landsins var um árábil starfrækt í skólanum en starfsemin var flutt í annan skóla í Sinsenhverfinu sl. haust.

Segja má að Sinsenhverfið skiptist í tvennt við Lörensvejen þar sem skólinn stendur. Öðru megin er mikið um einbýlishús en hinu megin eru mestmegnis háreist fjölbýlishús. Efnahagur íbúanna stýrir því hvoru megin þeir búa. Um 60-70% nemenda skólans eru af erlendum uppruna, ýmist af 1., 2. eða 3. kynslóð innflytjenda. Talið er að um 100 nemendur skólans búi við aðstæður sem teljast undir fátækramörkum og áhersla er lögð á að almennt sé fylgst vel með félagslegum

aðstæðum nemenda. Andrúmsloftið í hverfinu er með allra fjölþjóðlegasta móti, upp til hópa fremur fátækt en vingjarnlegt fólk sem þar sem ég bjó meðan á Noregsvölinni stóð.

Einkunnarorð Sinsen skole eru **Nám og öryggi** (n. Læring og trygghet). Mikil áhersla er lögð á að starfsfólki sé góðar fyrirmyndir og að nemendur upplifi öruggar aðstæður í skólanum. Markmið skólastarfsins lýsir miklum metnaði, þ.e. **að eins margir og mögulegt er læri eins mikið og mögulegt er**. Nemendur njóta kennslu áhugasamra og vel menntaðra kennara sem beita fjölbreyttum kennsluháttum til að búa þá undir þær áskoranir sem bíða þeirra í framtíðinni. Það vakti athygli mína að meðalaldur kennaranna virtist lægri en það sem við eigum að venjast, flestir virtust á aldrinum 25-40 ára.

Stjórnendur vinna markvisst að bættum námsárangri nemenda, stefnt er að því að námsárangur nemenda fari yfir meðaltalsárangur skólanna í Ósló. Öflugt samstarf er fastur liður í starfi kennaranna, á stundaskrá er gert ráð fyrir að vikulega séu haldnir almennir kennarafundir, fagfundir og teymisfundir. Ákveðnir kennarar taka að sér teymisstjórn og halda utan um starf tiltekinna árganga. Áhersla er lögð á **traust** samstarf við stjórnendur sem eru, ásamt félagsráðgjöfum og sálfræðingum, ávalt til taks ef á þarf að halda, s.s. vegna félagslegra aðstæðna eða agabrota nemenda.

Lærdómur minn í Sinsen skole

Viku 7 fylgdi ég **Hanne Andersen**. Hún tilheyrir síðasta árgangi norskra kennara sem útskrifaðist sem *almennur kennari* og tók norsku, stærðfræði, samfélagsfræði og kristin fræði sem valgreinar, 60 einingar í hverri grein. Hanne er umsjónarkennari (n. kontaktlærer) sem í vetur kennir bekknum sínum allar námsgreinar, að myndmennt, smíði og textíl undaskildum. Í fyrravor kvaddi hún umsjónarbekk sinn til fimm ára en tók við 10 ára bekk sl. haust. Hanne er jafnframt teymisstjóri í 4. og 5. bekk.

Í umsjónarbekknum **4. D** eru 22 nemendur. Hanne vinnur náíð með umsjónarkennurum hinna bekkjanna, þ.e. 4. A., 4.B og 4. C. Þeir nemendur sem ekki ná að fylgja bekknum sínum í námi eru með einstaklingsáætlun í tilteknum fögum og njóta sérkennslu tveggja sérhæfðra kennara. Á vikulegum teymisfundum skipta kennarar árgangsins með sér verkum við að setja upp vikuáætlun fyrir hverja faggrein um sig sem þeir færa síðan inn í rafrænt skjal sem allir hafa greiðan aðgang að sbr.: <https://sinsen.osloskolen.no/for-elever-og-foesatte/ukeplaner/4.-trinn/> Kennarar hvers árgangs hafa sameiginlegt vinnuherbergi. Á sama svæði er góður aðgangur að námsefni og öðru því sem tengist kennslunni, s.s. fjölbreyttu úrvali yndislestrarefnis, námsgögnum til hlutbundinnar stærðfræðikennslu, ljósritunarvélum o.fl.

Aðbúnaður í kennslustofum er til fyrirmyndar. Þar eru nýleg og hentug húsgögn, Smart-tafla ásamt tveimur krítartöflum og rafdrifin, utánaliggjandi gluggatjöld sem stjórnað er með fjarstýringu. Bekkjarsett af fartölvum fylgir nú hverjum árgangi en fyrirhugað er að næsta haust fái allir nemendur skólans fartölvu til afnota meðan þeir eru þar við nám.

Eins og fram hefur komið er meirihluti nemenda skólans af erlendum uppruna. Sumir nemendanna í 4. D eiga annað foreldri af norskum ættum, hluti þeirra hefur alist upp í Noregi frá fæðingu meðan aðrir hafa flust til Noregs á barnsaldri. Inntak kennslunnar er í samræmi við norsk grunnskólalög og aðalnámskrá. Samræmd próf verða lögð fyrir 4. bekk næsta haust og vinna við upprifjun og undirbúning er þegar hafin. Sömu kröfur eru gerðar til nemenda Sinsen skole og allra annarra grunnskólanemenda hvað námsefni, yfirferð og námsárangur varðar.

Nemendur á miðstigi byrja ýmist í skólanum kl. 8.00 eða 9.00 á morgnana og kennslu lýkur almennt kl. 14.10. Eftir það er boðið upp á lengda viðveru. Bak við kennaraborðið hangir skóhirsla sem þjónar hlutverki *símahótel*s. Dagarnir byrja á yndislestri en bækurnar liggja alltaf á borðum nemenda og þeir sem vinna hratt grípa í lestur meðan aðrir ljúka við verkefnin.

Hanne skrifar og kynnir dagskrá dagsins í heild upp á töflu. Í hverri kennslustund útskýrir hún námsmarkmiðin og gerir þau sýnileg á spjaldi á töflunni. Að yndislestri loknum tekur við innlögn, eða eftir atvikum upprifjun, á því sem er á dagskrá og síðan sýnikennsla. Þá vinna sessunautar tveir og tveir saman að verkefnunum og strika undir þau orð sem þeir eru ekki vissir um hvað merkja. Hanne útskýrir öll þau orð sem fram koma og les síðan allan textann/verkefnin upphátt, ræðir og útskýrir inntakið. Að því loknu leysa nemendur verkefnin og fá aðstoð eftir þörfum. Í lokin er farið sameiginlega yfir og niðurstöður verkefnanna ræddar.

Hanne notar Smart-töfluna mikið, t.d. <http://podium.gyldendal.no/multi-nettoppgaver> í stærðfræðikennslu. Hún nýtir jafnframt þau tækifæri sem gefast til samþættingar námsgreina, t.d. fór hún í stærðfræðitímanum yfir lítrakerfið daginn sem nemendur þurftu að nota þá þekkingu í heimilisfræði.

Kennsluhættir Hanne sýna glögglega fjölhæfni hennar og fagleg vinnubrögð. Dagar nemendanna líða í öruggri umsjón hennar. Þeir borða nesti að heiman um hádegisbil og sá tími er ýmist nýttur til að koma gagnlegum upplýsingum á framfæri, s.s. um skipulögð, ókeypis dagskrártilboð fyrir börnin í vetrar- og sumarfríum, eða til að horfa á spennandi framhaldspátt fyrir börn á miðstigi. Hanne sinnir nemendum sínum af alúð, veitir þeim hvatningu og aðhald með framúrskarandi hætti.

4. Lærdómur fyrir íslenskt skólakerfi

Báðir skólarnir sem ég heimsótti eru hverfisskólar þar sem fjöldi fjölskyldna af erlendum uppruna er búsettur. Skólahverfin eru í báðum tilfellum í útjaðri höfuðborganna, þ.e. þar sem kostur er á húsnæði á verði innflytjendur ráða við. Almennt skildist mér að börn sem flytja til landanna á leikskólaaldri eða við upphaf skólagöngu hefji grunnskólanám sitt í almennum bekkjardeildum en fái aðstoð eftir því sem þörf krefur. Nemendur á mið- og unglingastigi hefja eftir atvikum nám í sérstakri móttökudeild eða þá í móttökubekk sem starfræktur er í því hverfi sem þeir búa.

Það var lærdómsríkt að sjá og skynja hvernig skipulag kennslu nemenda af erlendum uppruna miðaðist í báðum skólunum við þarfir nemendanna. Mér fannst frábært að sjá hvað stefna **Bavnehøj skole** um *nám á hreyfingu* nýttist vel í kennslu móttökubekkjans. Það að tengja daglegt líf í nýju umhverfi og upplifun nemendanna af vettvangsferðum við námið, sýnist mér vera einmitt það sem þarf til að þeir sjái tilganginn með námi sínu í nýju máli. Þau rök að eðlilegt sé að

nota ensku í kennslustundum þar sem hún er skyldufag finnast mér skotheld, auk þess sem enskan nýtist einkar vel sem millimál. Ég heillaðist alveg af námsefninu **Fart på dansk** og því fylgir m.a. veggspjald með 10 góðum ráðum til kennara fjölyngdra barna. Þau hljóða svo í lauslegri þýðingu minni:

1. Skapaðu ró, ramma og skipulag.
2. Settu skýr markmið.
3. Kenndu út frá heildinni til þess sértæka.
4. Gerðu nemendur strax að virkum málnotendum.
5. Veittu nemendum af auðlind tungumálsins.
6. Láttu nemendur vinna með heilar setningar.
7. Styddu nemendur í því færa sig frá daglegu máli yfir í fagorðaförða.
8. Nýttu móðurmál nemenda sem auðlind.
9. Gerðu kröfur.
10. Líttu á foreldrana sem *foreldra*, þannig sérðu menninguna.

Í **Sinsen skole** fannst mér aðdúunarvert að enginn afsláttur var gefinn af metnaði fyrir hönd nemendanna. Aðstæður nemendanna þar krefjast þess þó að kennarar sinni ekki einungis kennslu heldur gegni jafnframt mikilvægu uppeldislegu hlutverki. Því hlutverki sinna þeir afburða vel. Þar skynjaði ég sterkt að börnum er ekki áskapað að hafa fordóma fyrir uppruna eða útlitseinskennum. Samskiptin milli bekkjarfélagana í **4.D** voru eins og búast má við í hvaða 10 ára bekk sem er. Nemendurnir eru á miðstigsaldri og því er eðlilega megináhersla lögð á lestur og lesskilning. Þar var að finna athyglisverða „lestrarkennslubæn“ sem hljóðar svo í lauslegri þýðingu:

Bæn

til þín sem ætlar að kenna mér að lesa.

Leiktu við mig,

segðu mér frá,

kenndu mér rím og reglur.

Kenndu mér söngva,

kenndu mér ævintýri,

talaðu við mig!

Leyfðu mér að nota látbragð

og leikræna tjáningu.

Hlustaðu á

það sem ég hef að segja!

Kenndu mér hvað fegurð

og öryggi er!

Sýndu mér hvernig ástin er!

Því þannig veistu að ég verð barn sem les.

Þessi námsferð skilaði mér fjölda hugmynda sem nýta má við kennslu íslensku sem annars máls. Það verður þó að viðurkennast að ég leit dálitlum öfundaraugum til alls þess hentuga og fjölbreytta námsefnis sem kennarar í báðum löndum hafa greiðan aðgang að. Þá er tækjakostur nemenda og kennara í báðum tilfellum til fyrirmyndar, þ.e. svarar ýtrustu kröfum nútímans sem auðveldar nemendum að ná tökum á nýja málinu.

Lokaorð

Mér finnst sem lánið hafi leikið við mig. Ég fékk að fylgjast með kennslu tveggja frábærra annarsmálskennara í tveimur löndum Skandinavíu og námsferðin varð því bæði innihalds- og lærdómsrík. Það var líka heppni hvað starfsvið þeirra eru í raun ólík, Katjanna kennir móttökubekk í Kaupmannahöfn en Hanne almennum bekk í innflytjendahverfi í Ósló. Ferðin skilaði þannig dálítill innsýn í kennsluhætti sem nýtast í mismunandi aðstæðum til annarsmálskennslu, auk þess sem ég fékk tækifæri til að kynna mér úrval og aðgengi að námsgögnum í báðum löndum. Mikið vildi ég óska þess að Menntamálastofnun tæki námsefnið **Fart på dansk** til faglegrar skoðunar með þýðingu, staðfærslu og útgáfu í huga. Kæmi það til álita þá aflaði ég upplýsinga um fagaðila í Danmörku sem leita mætti til.

Ég er þakklát fyrir að hafa fengið þetta frábæra tækifæri til að fá innsýn í kennsluhætti, aðferðir og aðstæður til annarsmálskennslu í tveimur þeirra landa sem við berum okkur oft saman við. Um þessar mundir er mikil gerjun í gangi hér á landi varðandi úrræði og skipulag á þessu sviði. Vonir mínar standa til þess að við berum gæfu til þess að læra af reynslu grannþjóða okkar í Skandinavíu og takist að koma þessum mikilvæga málflokki í farsælan farveg.

Börn innflytjenda eru framtíð okkar rétt eins og börn innfæddra. Okkur ber skylda til þess að skapa þeim góðar forsendur á grundvelli jafnréttis til náms.

Með undirritun þessarar greinargerðar staðfesti ég þátttöku mína í umræddri ferð og að hún endurspeglar sjónarmið mín og þá framkvæmd sem átti sér stað í ferðinni.

Hafnarfirði 19. febrúar 2019

Kristín Sigrún Sigurleifsdóttir

kennari í Garðaskóla